

	Áhættu- flokkur.	Vikugjald fyrir manninn.	3 2. jan.
Skrifstofustörf.			
Skrifstofustörf við tryggingarskyld fyrirtæki, þar sem skrifstofufólkið fæst eingöngu við skrifstofustörf og því er ekki sjálft tryggingarskyldt	1	6 aur.	
Opinberstörf.			
Lögregluþjónustörf og tollþjónustörf	4	40 aur.	
Slökkviliðsstörf	5	80 —	
Vitastörf	4	40 —	
Hafnsögumenska	5	80 —	
Landpóstastörf	5	80 —	
Bæjarpóstastörf og brjefbera	3	20 —	

Þeim atvinnugreinum, sem hjer eru ekki nefndar en stundaðar kunna að vera hjer á landi eða upp kunna að koma síðar, heimilast Slysatryggingunni að skipa til bráðabirgða í einhverja þeirra áhættuflokka, sem nefndir hafa verið hjer að framan.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. jan. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Vik í Mýrdal.

4
8. jan.

1. gr.

Rafmagn skal selt eftir mælingu á 50 auru hver kilóvattstund, en þó má hækka og lækka taxta þenna um allt að 30% eftir því hvernig hagur stöðvarinnar er.

2. gr.

Verð á rafmagni til línstrokjarna, suðu, hitunar, vjelareksturs og ljósa utan hins ákveðna ljóstíma, ákveður rafmagnsnefndin, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

- 4
8. jan. 3. gr.
Gjalddagar á ljósgjöldum sjeu tveir á ári, 15. maí og 31. desember og ber húsráðandi ábyrgð á, að gjaldið sje greitt í tæka tíð. Öll gjöld til rafmagnsstöðvarinnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júlí 1923, til að öðlast gildi 1. febrúar þ. á., og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vík í Mýrdal frá 4. jan. 1919, og breyting á þeirri gjaldskrá frá 30. okt. 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. jan. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson

- 5
29. jan. STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Ög-
urhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 29. janúar 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framfarasjóð Ögurehrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Ögurehrepps.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Kristján bóndi Einarsson á Hjöllum í Ögurehreppi. Stofnfe hans er kr. 400.00 — fjögur hundruð krónur — og eru það árgjöld stofnandans frá því árið 1921. Auk þess lofar stofnandinn að gefa sjóðnum 100 krónur árlega, meðan ástæður hans og efni leyfa.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hverskonar búnaðarframfarir og búnaðarframkvæmdir í Ögurehreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, eða innan núverandi takmarka hreppsins.